

Miðvikudaginn 15. júní 1966.

Nr. 60/1965. **Snæbjörn Sigurðsson**

(Ragnar Jónsson hrl.)

gegn

Óttari Ketilssyni, Katli Guðjónssyni,

Agli Halldórssyni og Helga Schiöth

(Ragnar Steinbergsson hrl.)

og svo

Margréti Sigurðardóttur og

Aðalsteinu Magnúsdóttur

(Friðrik Magnússon hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Ágreiningur um eignarrétt áð landi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. marz 1965 og gert þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að kveðið verði svo á með dómi, að áfrýjandi „sem eigandi hálfrar Grundar (sem nefnd er Grund II) hafi eignarrétt að Grundarfjalli til helminga á móti sameiganda sínum að Grund (en hans hluti kallast nú Grund I), en með Grundarfjalli er hér átt við allt það land, sem liggur vestan svonefndrar fjallsgirðingar fyrir löndum eftirtalinna jarða, talið frá suðri til norðurs: Árbæjar, Finnastaða, Holtsels, Grundar (gegnum Grundarland), Miðhúsa og Hólshúsa. Hér miðar „áfrýjandi“ við girðinguna, eins og hún liggur nú með 2 stöllum, þar sem hann gerir ráð fyrir, að téðir stallar (landaukar til fjalls) hafi verið endanlega lagðir til viðkomandi jarða (þriggja hinna fyrstnefndu). Að öðru leyti takmarkist „Grundarfjall“ að sunnan af landamerkjum Möðrufells (Finnastaðadalur því hér innifalinn í heitinu Grundarfjall), að norðan af merkjum Dvergstaða og Espihóls (Stórhóls), en að vestan af aðliggjandi fjallabrunum (hinum næstu).

Varakrafa: Að viðurkennt verði með dómi, að „áfrýj-

andi“ sem eigandi hálfrar Grundar hafi eignarrétt að fyrrtöldu landsvæði í sameign með sameiganda sínum að Grund og eiganda Finnastaða eftir þessum hlutföllum: Grund I 41.70%, Grund II 41.70%, Finnastaðir 16.60%.

Í báðum tilvikum er þess krafizt, að „áfrýjanda“ verði dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu og eftir mati Hæstaréttar“.

Stefndu Óttar Ketilsson, Ketill Guðjónsson, Egill Halldórs-son og Helgi Schiöth krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Stefndu Margrét Sigurðardóttir og Aðalsteina Magnúsdóttir krefjast þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til raka héraðsdóms og með hliðsjón af, að Grundarmenn hafa eigi um langan aldur sýnt viðleitni til að reka þess réttar, er áfrýjandi vill nú láta dæma sér, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu Óttari Ketilssyni, Katli Guðjónssyni, Agli Halldórsyni og Helga Schiöth málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 15.000.00, og svo stefndu Margréti Sigurðardóttur og Aðalsteinu Magnúsdóttur málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Snæbjörn Sigurðsson, greiði stefndu Óttari Ketilssyni, Katli Guðjónssyni, Agli Halldórssyni og Helga Schiöth málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00.

Áfrýjandi greiði einnig stefndu Margréti Sigurðardóttur og Aðalsteinu Magnúsdóttur málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadóms Eyjafjarðarsýslu 10. febrúar 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. þ. m., var höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 20. maí 1960, af Snæbirni Sigurðssyni, bónda á Grund II í Hrafnagilshreppi, eiganda þeirrar jarðar, gegn eftirfarandi aðiljum:

1. Margréti Sigurðardóttur, Ránargötu 22, Akureyri, eiganda $\frac{1}{4}$ Grundar, $\frac{1}{4}$ jarðanna Holtsels og Miðhúsa og $\frac{1}{2}$ jarðarinnar Holts.
2. Aðalsteinu Magnúsdóttur, Grund, Hrafnagilshreppi, eiganda jafnstórra hluta í sömu eignum og Margrétar Sigurðardóttur.
3. Óttari Ketilssyni, eiganda og ábúanda Árbæjar, Hrafnagilshreppi.
4. Katli Guðjónssyni, eiganda og ábúanda Finnastaða í sama hreppi.
5. Agli Halldórssyni bónda, Holtseli, sama hreppi, eiganda að $\frac{1}{2}$ hvorrar jarðanna Holtsels og Miðhúsa.
6. Helga Schiöth bónda, Hólshúsum, sama hreppi, eiganda jarðarinnar Hólshúsa, sama hreppi.

Í stefnu kveðst stefnandi höfða málið til viðurkenningar á því, að hann sem eigandi hálftrar jarðarinnar Grundar sé þar með eigandi að helmingi svonefnds Grundarfjalls, en með því sé átt við allt það land, sem liggur vestan svonefndrar fjallsgirðingar fyrir löndum eftirtalinna jarða: Árbæjar, Finnastaða, Holtsels, Grundar, Miðhúsa og Hólshúsa. Hér miðar stefnandi við girðinguna, eins og hún er nú með tveimur stöllum, þar sem hann gerir ráð fyrir, að téðir stallar (landaukar til fjalls) hafi endanlega verið lagðir til viðkomandi jarða (tveggja hinna fyrstnefndu). Að öðru leyti takmarkist Grundarfjall að sunnan af landamerkjum Möðrufells (Finnastaðadalur því hér innifalinn í heitinu Grundarfjall), að norðan af merkjum Dvergstaða og Espihóls (Stórhóls), en að vestan af aðliggjandi fjallabrunum (hinum næstu). Þótt svo væri, að undir Grund teldist liggja einhver landsvæði á hálendinu þar vestur af, óskar stefnandi ekki eftir, að dómur fjalli um það að svo komnu.

Enn fremur segir svo í stefnunni: „Til skýringar því, er áður greinir um stalla á girðingunni (þ. e. uppfærslur fyrir löndum þriggja jarðanna), vill stefnandi taka fram, svo eigi verði um afstöðu hans villzt: Upphaflega (fyrst lögð 1908) var girðing þessi bein eftir stefnu þeirri, sem norðurhlutinn, sá óhreyfði, hefur enn. Landauki sá, er felst í uppfærslunum var veittur af Grund-

areigendum, áður en stefnandi keypti Grund (þ. e. helminginn 1947). Framanritað samþykki stefnanda á gildi uppfærslanna miðast við það, að krafa hans um hálf Grundarfjall sér til eignar nái fram að ganga. Verði hins vegar þau málalok, að undir jarðir þær, sem hér eiga í hlut, aðrar en Grund, heyri einhvers konar hlutdeild í Grundarfjalli (eign, ítak eða þess háttar), geymir stefnandi sér þá kröfu, að uppfærsluvæði hvernjar jarðar verði reiknað henni upp í hlut hennar í fjalllendinu (Grundarfjalli), sem skert var við uppfærslurnar.“

Einnig krefst stefnandi málskostnaðar sér til handa úr hendi stefndu eftir reikningi eða mati dómsins.

Lögmenn allra varnaraðila hafa mótmælt í greinargerðum sínum kröfum stefnanda og kröfðust sýknu til handa umbjóðendum sínum í málinu og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir reikningi eða mati dómsins.

Með bókun í réttarhaldi í málinu 1. september 1960, sbr. dskj. nr. 29, gerir stefnandi þá varakröfu, að réttur býla stefndu, hver sem hann annars væri, næði ekki til efri hluta fjallsins ofan Dvergstaðamerkja né Finnastaðadals.

Með nýju skjali, sbr. dskj. nr. 39, orðar stefnandi varakröfu sína þannig:

„Varakrafa þessi ræðir einvörðungu um landið vestan fjallsgirðingarinnar hinnar upphaflegu vestur að línu, sem hugsast dregin norðan frá staðnum, þar sem Espihóls- og Grundarlönd koma saman austast, beint til Finnastaðaaár gegnum svon. Stakaklett, sem talinn hefur verið liggja á norðurmörkum Finnastaðalands. Syðsti hluti landsvæðis þessa: Frá Finnastaðaaá norður að núverandi norður-markalínu Finnastaða framlengdri til Stakakletts falli í hlut Finnastaða og Árbæjar. Hinn (nyrðri) hluti svæðisins skiptist með dóminum, óstaðbundið að svo stöddu, milli Grundar I, Grundar II og hjáleignanna hvernjar fyrir sig samkv. hlutföllum í jarðamati frá 1861, sundurliðun milli hjáleignanna Holts, Holtsels, Miðhúsa og Hólshúsa færi eftir mati frá 1847 (Johnsen) með því fororði, hvað Holtsel snertir, að því býli skuli reiknast upp í hluta þess landauki sá á svæðinu, er Holtselsbóndi afgirti um 1940 samkv. munnlegri heimild frá þáverandi eigendum Grundar.

Til þrautavara: Ofanritað án áskilnaðarins gagnvart Holtseli.

Um aðra hluta landsvæðis þess, sem málið snýst um, ítreka ég kröfur samkv. stefnu.“

Umboðsmenn stefndu mótmæltu framangreindri varakröfu og þrautavarakröfu stefnanda, sbr. dskj. nr. 41, og kröfðust þess, að kröfum þessum, þ. e. varakröfu og þrautavarakröfu, væri vísað frá dómi. Byggðu þeir þessa kröfu sína á eftirfarandi atriðum: Varakrafan og þrautavarakrafan miði við land vestan hinnar upphaflegu fjallsgirðingar, en stefna málsins miðar hins vegar við land vestan fjallsgirðingarinnar, eins og hún sé nú með tveim stöllum vestan Finnastaða og Holtsels. Kröfur þessar gangi því lengra og séu víðtækari að þessu leyti en sjálf stefnukrafan og verði því ekki hafðar uppi í þessu máli. Kröfum stefnanda um viðurkenningu á ákveðnum merkjalínum innan sameignarlandsins, þ. e. fjalllendisins, var af sömu ástæðum mótmælt, enda hafi stefnukrafan ekki að geyma aðrar kröfur en kröfu um viðurkenningu á eignarrétti á ákveðnum óskiptum hluta í sameignarlandinu. Einnig byggðu varnaraðiljar frávísunarkröfu sína á því, að þeir eigi rétt á samkvæmt meginreglum réttarfarslaga, að mál sé rekið á þeim grundvelli, er lagður sé í stefnu og greinargerð, og vísuðu jafnframt til 2. mgr. 70. gr. eml. Loks bentu stefndu á, að með þessum kröfum væri málinu beint inn á svið landamerkjadóms, án þess að að því sé vikið í stefnu.

Sóknaraðili mótmælti frávísunarkröfunni með þeim rökum, að helmingaskiptakrafan (þ. e. milli Grundar I og II) nái nú til minna lands en áður, þ. e. aðeins til landsins vestan línunnar um Stakaklett, og að hann falli með öllu frá hlutdeild í landi því, er hann leggur til, að Finnastöðum verði úthlutað innan ákveðinna merkja.

Eftir að frávísunarkrafan hafði verið sótt og varin af aðiljum, var atriðið tekið til úrskurðar, og var niðurstaðan þessi: „Framangreindum kröfum um ákveðna línu um Stakaklett og ákveðnar merkjalínur gagnvart Finnastöðum vísast sjálfkrafa frá dómi.“ Ekki var úrskurður þessi kærður til Hæstaréttar, en hins vegar höfðaði stefnandi þessa máls landamerkjamál gegn eigendum Finnastaða og Árbæjar, og hafa fallið í því máli dómar bæði í héraði og Hæstarétti, sbr. dskj. nr. 65 og 66. Þegar höfðun þessa máls var ráðin, ákvað þessi dómur með bókun í réttarhaldi í málinu 19. maí 1961 að láta mál þetta hvíla, meðan téð mál væri fyrir landamerkjadóminum, og að málið yrði næst fyrir tekið eftir tilkynningu dómarans. Málið var svo aftur fyrir tekið 1. þ. m. eftir töluvert langan undirbúning af hálfu sóknaraðilja utan réttar.

Í því landamerkjamáli voru kröfur stefnanda þessar, sbr. dskj.

nr. 65, að merki milli Finnastaða og Grundar ofan fjallsgirðingar verði: „Bein lína frá merkjum Finnastaða og Holtsels vestur í svonefndan Stakaklett, þaðan bein lína í áttina að Finnastaðaá við vesturenda gljúfursins“. Lyktir þess máls voru, að varnaraðiljar voru sýknaðir af kröfum sóknaraðilja í héraði, og var sú niðurstaða staðfest í Hæstarétti. Byggist sú niðurstaða á því, að ekki voru færðar sönnur á, að nein merki væru til eða hefðu verið til á því svæði, er um var deilt.

Eftir að mál þetta var tekið upp að nýju, við munnlegan flutning þess, hélt stefnandi fast við aðalkröfu sína í stefnu, en gerði þá varakröfu, að viðurkennt verði með dómi, að stefnandi sem eigandi hálftrar Grundar hafi eignarrétt að fyrirtöldu landsvæði í sameign með meðeiganda sínum að Grund og eiganda Finnastaða eftir þessum hlutföllum: Grund I 41.70%, Grund II 41.70%, Finnastaðir 16.60%. Í báðum tilvikum er þess krafizt, að stefndu verði dæmdir til málskostnaðargreiðslu.

Tveir af lögmönnum varnaraðilja viku að því í greinargerðum, að athugandi væri, hvort ekki bæri að vísa málinu frá dómi, sbr. 46. gr. eml. nr. 85/1936, en dómurinn taldi ekki vera efni til þess.

Jarðir þær, sem hlut eiga að þessu máli, eru þær, er að framan greinir, og eru eigendur að þeim eða hlutum þeirra aðiljar þessa máls, eins og fram kemur að framan og framlögð afsöl gefa til kynna. Allar tilheyrðu jarðir þessar hinni svokölluðu Grundartorfu og eru á svæði milli Finnastaðaár að sunnan og suðurmerkja Dvergstaða og Espihóls að norðan og milli Eyjafjarðarár og fjalls (að vestan). Árið 1908 var sett svokölluð fjallsgirðing ofan við alla bæina frá Finnastaðaá út að Dvergstaðamerkjum. Síðar, 1919, var girðing þessi færð upp (vestur) fyrir landi Finnastaða og síðar (1937) fyrir landi Holtsels, en þó mismunandi mikið, svo að nú eru tveir stallar á girðingunni. Land það, sem deilt er um eignarrétt að í máli þessu, er allt vestan þessarar girðingar, og er enginn ágreiningur um landamerki þessa svæðis.

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns og Nýrri jarðabók fyrir Ísland, sem staðfest var 1861, eru Finnastaðir taldir sjálfstætt býli, en Hólshús, Holt, Miðhús og Holtsel partar úr Grund eða hjáleigur hennar, og er jafnvel talið, að Grundartorfan með greindum hjáleigum hafi verið orðin til á síðari hluta 15. aldar. Má telja víst, að býlin hafi síðan haldizt sem hjáleigur alla tíð, þar til farið var að selja þau á síðari árum, sbr. fram-

lögð afsöl. Árbær er nýbýli úr Finnastaðalandi frá 1952. Jafnframt því að Finnastaðir væru sjálfstætt býli, voru þeir um margra alda skeið eign Grundarkirkju, en hún hefur jafnan verið bændaeign, þ. e. eign Grundarbænda, og er svo enn. Eru heimildir fyrir því, að Finnastaðir eru orðnir eign kirkjunnar 1318, og virðist svo af máldögum kirkjunnar og öðrum gögnum, að kirkjan hafi átt jörðina, þar til núverandi eigendur Grundar sem eigendur kirkjunnar seldu meðstefnda Katli Guðjónssyni jörðina árið 1950.

Verða nú rakin nánar helztu gögn málsins:

Í málinu hefur verið lögð fram skiptagerð í db. Magnúsar Sigurðssonar, þar sem úthlutað er $\frac{5}{8}$ hlutum jarðarinnar Grundar með hjáleigum, afsal fyrir $\frac{1}{16}$ hluta Grundar, 2 afsöl fyrir Finnastöðum, sínum helmingnum í hvoru, kaupsamningur og afsal, þar sem Magnús Aðalsteinsson selur Snæbirni Sigurðssyni hálfa jörðina Grund ásamt hálfri jörðinni Holt og hálfri prestsmötu af Finnastöðum og hálfa jörðina Hólshús, samningur, þar sem Snæbjörn Sigurðsson afsalar Ragnari Davíðssyni og Aðalsteinu stjúpdóttur hans hálfri jörðinni Holt, og Margrét Sigurðardóttir og Aðalsteina Magnúsdóttir afsala Snæbirni Sigurðssyni hálfri jörðinni Hólshús, afsal fyrir hálfum Miðhúsum, afsal fyrir hálfu Holtsemi, kaupsamningur ásamt afsali Snæbjarnar Sigurðssonar til Helga Schiöth á jörðinni Hólshúsum.

Í engu þessara skjala kemur neitt fram, er bendir til, hvernig eignarráðum að hinu umdeilda landi hafi verið háttað eða afstöðu fyrrverandi hjáleigna eða Finnastaða verið varið til afnota af landinu í Grundarfjalli. Hólmgeir Þorsteinsson og Valgerður Magnúsdóttir taka þó fram í afsali sínu fyrir $\frac{1}{16}$ hluta Grundar ásamt tilsvarende hluta í hjáleigunum, að þau afsali jarðarhlutunum með „mannvirkjum og öðrum þeim gögnum og gæðum, er jörðum þessum hefur fylgt og eins og ég hef eignast þær“. Að öðru leyti er í afsalsgerningum þessum ekki skilgreint nánar, hvað selt er, en tilgreind eru nöfn jarðanna, og í sumum afsalanna er tekið fram, að þær séu seldar með mannvirkjum og gögnum og gæðum.

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er öllum þessum jörðum lýst sérstaklega og taldar partar úr Grund, sbr. bls. 224—7 og dskj. nr. 53. Þar er fram tekið, að býlin séu afdeild einasta að túni og engjum.

Í bók Klemenzar Jónssonar, Grund í Eyjafirði, útg. Sögufélagið 1926, er lýsing á jörðinni Grund frá árinu 1849 tekin upp

eftir frumbókum í Þjóðskjalasafni til undirbúnings nýju fasteignamati, er síðan kom út 1861 og staðfest með tilsk. 1. apríl sama ár.

Þar segir: „Grund, bóndaeign, nú talin 45 hdr. Henni fylgir ein óbyggð hjáleiga, nefnd Grundarkot, og 4 byggðar hjáleigur, nefnilega Holt 10 hdr., Holtssel 6 hdr., Miðhús 8 hdr. og Hólshús 12 hdr. nú á tíð. Úthagi er óskiptur“.

Þá skal vikið að fasteignamatsskjölum frá 1917, sbr. dskj. nr. 30—35. Þar segir beint um býlin Holt, Holtsel, Miðhús og Finnastaði, að búfjárhagi sé sameiginlegur við hinar jarðirnar í torfunni og að samgirðing sé ofan við tún og engi og þetta síðastgreinda einnig tekið fram um Hólshús. Um Grund segir: „Fjallsgirðingin um beitoland allrar Grundartorfunnar er ca. 5700 faðmar og tilheyrir $\frac{1}{2}$ hennar Grund, en hjáleigum hinn helmingurinn“. Og enn fremur: „Sambeit er við hinar jarðirnar í Grundartorfunni, en engjamerki greind fyrir hverja jörð“. Mat-ið á landi Grundar er kr. 10.500, en á hinum býlunum 5 kr. 9.500.

Í fasteignamatinu 1930 er landverð Grundar metið samtals kr. 18.000, land hjáleigna samtals kr. 14.800 og land Finnastaða kr. 6.500. Í fasteignamati 1940 er landverð Grundar kr. 16.600, hjáleignanna kr. 15.600 og Finnastaða kr. 7.800. Ekki er beint fram tekið í matsskýrslunni 1930, að búfjárhagar séu sameiginlegir eða annað því um líkt, en beitolandi hvernjar jarðar er lýst og metið með hverri jörð, og virðist svo, þegar höfð eru í huga fyrri mót, að hlutdeild hvernjar jarðar í hinu sameiginlega beitolandi, þ. e. Grundarfjalli, sé þar í.

Á dskj. nr. 53 og 54 eru endurrit úr dagbók séra Skúla Þorlákssonar, AM. 255, 4to., með vitnisburðum tveggja tilgreindra manna, þar sem þeir votta, að Grund í Eyjafirði eigi „alla landareign ið efra til fjalls vtj midia Skipalág“, og var það kennileiti talið á merkjum Grundar gagnvart Stórhóli (Espihóli). Vottorðum þessum hefur verið mótmælt af varnaraðiljum, þar sem sóknaraðili hefur ekki getað gert grein fyrir, hvaða menn þetta séu eða tilefni vottorðanna. Virðist því ekkert verða upp úr þessum skjölum lagt í máli þessu, enda virðist hér hafa verið um að ræða landamerki milli Stórhóls annars vegar og Grundar eða Grundartorfu hins vegar.

Svipuðu máli gegnir um dóm úr dómsmálabók Vaðlapings, sbr. dskj. nr. 14. Þar er fjallað um merki Grundartorfu, þar á meðal Finnastaða gagnvart Möðrufelli, er eigi sker úr um eign á landi norðan þeirra merkja. Enn er svipuðu máli að gegna um lög-

festu Jóns Jakobssonar frá 1787, sbr. dskj. nr. 56, að þar er um að ræða landamerki allrar Grundartorfunnar gagnvart nágrannajörðum, auk þess sem skjali þessu hefur verið mótmælt sem gagnslausri heimild vegna eðlis síns.

Í ritgerð Júlíusar Ólafssonar frá 1936 um örnefni í Grundarlandi segir m. a.: „Innan þessara takmarka er jörðin Finnastaðir, sem er eign Grundarkirkju og hefur aldrei verið talin hjáleiga, sbr. jarðamat af 1. apr. 1861, þó hún eigi sameiginlegan bithaga með hinum jörðunum, síðan Magnús heitinn Sigurðsson eignaðist torfuna“. Af þessu má ráða, að höfundur hafi verið kunnugt um sameiginlega beit Finnastaða og Grundartorfujarða, frá því að Magnús Sigurðsson eignaðist Grundartorfuna á árinu 1888 og 89, en ekki er heimilt að gagnálykta af þessu orðalagi höfundar á þá leið, að honum hafi verið kunnugt um, að landið hafi verið nytjað með öðrum hætti fyrir þann tíma, sbr. ummæli hans í sama skjali, að Einstaki klettur hafi „til forna“ skipt löndum á þessu svæði, sbr. hestaréttardóm á dskj. nr. 66.

Á dskj. nr. 21 er svokölluð útektargerð á fjallsgirðingunni. Samkvæmt gerðinni er hlutverk úttektarmannanna það að mæla upp og skipta vörslugirðingu þeirri, sem lögð var 1908 fyrir ofan bæina frá Finnastaðaá og út að Dvergstaðamerkjum og þaðan til fjalls. Í öðru lagi að meta til peningaverðs efni helmings þvergirðingarinnar og í þriðja lagi að gera álit á þann hluta girðingarinnar, sem tilheyrir Finnastöðum. Fjallsgirðingin út og suður mældist 1.204 faðmar, en þvergirðingin upp eftir 1.284 faðmar. Sú girðing, sem talin var tilheyra Grundarsvæðinu, var þannig talin 1.846 faðmar, og var henni skipt þannig, að heima-jörðinni voru taldir 626 faðmar, en hinni var skipt niður á hjáleigurnar og Finnastaði. Einnig á býlið Holt, sem ekki á úrskipt land, að girðingunni.

Þá skal á það minnzt, að stefnandi hefur aflað álitsgerðar sögufróðra og málfræðifróðra manna. Dr. Jakob Benediktsson hefur gefið skýringu á orðinu „sambeit“, og telur hann, að það hafi þýtt bæði á fyrri og síðari tímum sameiginlega beit, sbr. dskj. nr. 47. Eiður Guðmundsson bóndi, Þúfnavöllum, hefur í álitsgerð sinni komið að þeirri niðurstöðu, að þar sem sé aðeins um sambeitarrétt að gera og engir nánari samningar um landið, hafi hann engin áhrif á eignarréttinn á landinu, heldur sé það aðeins réttur til ítaks. Magnús Már Lárusson prófessor, sem hefur gefið alllanga álitsgerð, sbr. dskj. nr. 61, telur, að þrátt fyrir til-
tölulega hátt mat á hjáleigunum þá séu þær ósjálfstæðar. Jarð-

eigandinn eigi land undir og það sé á hans valdi að ákveða nánar um notkun eða breyta, þó innan þess ramma, sem venjur hafa skapað. Orðtakið sambeit telur hann, að þýði sameiginleg beit, en taki enga afstöðu til, hver eigi land undir. Enn fremur segir þar: „Um Grund er ljóst, að réttur hjáleigna til sambeitarinnar muni vera ítaksréttur, þar sem engum efa er undirorpið, að eigandi torfunnar eigi landið undir. Landfræðilega virðist haga svo til, að sambeitin sé þægilegasta lausnin á útvegum bithaga.“

Stefnandi, sem kom að Grund 1928, en bjó á Hólshúsum frá 1930—1948, að hann flutti að Grund, hefur m. a. borið eftirfandi í aðiljaskýrslu sinni. Um hið umdeilda land segir hann, að það hafi verið notað til beitar fyrir allar skepnur af öllum býlum í Grundartorfu og Finnastöðum, nema hvað kýr frá Grund hafi ekki verið reknar þangað á þessu tímabili, en hann vissi til, að það hafi verið gert um 1920. Ekki vissi hann til, að neinar reglur hafi gilt um notkun landsins. Ekki mundi stefnandi eftir annarri notkun landsins en til beitar, en kvaðst þó vita til, að mótekja hafi verið þar fyrir hans daga frá býlunum og einnig frá Dvergstöðum. Ekki kvaðst stefnandi minnst þess, að hann hafi gefið Helga Schiöth nokkrar upplýsingar um rétt Hólshúsa til fjallsins, en tók fram, að á þeim tíma, þ. e. þegar hann seldi Helga, hafi verið ótvíræður beitarréttur í fjallinu fyrir Hóls- hús ásamt hinum býlunum.

Þá hefur stefnandi skýrt svo frá, að hann hafi á sínum tíma fengið vitneskju um það, að Eggert í Holtseli hafi fengið uppfærslu í fjallsgirðingunni fyrir $\frac{1}{3}$ af svökölluðum Kotavelli. Þegar stefnandi heyrði þetta, hafði hann tal af Magnúsi Aðalsteinsyni, eiganda og ábúanda hálfrar Grundar, og kvartaði undan þessari afhendingu af hálfu Grundar til Holtsels, en Magnús hafi brugðizt illa við og sagt, að stefnanda kæmi þetta ekkert við. Kvaðst stefnandi hafa haft mótmæli þessi uppi sem ábúandi (leiguliði) að Hólshúsum, enda hafi hann þá litið svo á, að fjallið ofan girðingar væri sameiginlegt land allra býlanna. Hins vegar hafi hann skilið framangreint svar Magnúsar Aðalsteinssonar svo, að Grundarfjall væri einkaeign Grundar. Hann kvað sig af þessu mega fullyrða, að Grundarbændur hafi ekki haft samráð við hjáleigubændurna um uppfærslurnar.

Fyrir liggja aðiljaskýrslur fimm varnaraðilja þessa máls, Ragnars Davíðssonar, eiginmanns stefndu Margrétar Sigurðardóttur, Gísla Björnssonar, eiginmanns stefndu Aðalsteinu Magnúsdóttur, Ketils Guðjónssonar, Egils Halldórssonar og Helga Schiöth, og

hafa þeir allir borið, að notkun fjallsins, sem hafi aðallega verið beit fyrir búfénað, hafi verið sameiginleg frá öllum jörðum í Grundartorfu og án nokkurra takmarkana fyrir neina af jörðunum eða sérréttinda fyrir aðra. Sama hefur Ingólfur Guðmundsson, fyrrv. bóndi í Miðhúsum og þáverandi eigandi jarðarinnar, borið. Einnig kemur fram í skýrslum þessara aðilja, að áður fyrr hafi verið eitthvað af slægjum, mótekjum og torfristu, a. m. k. frá sumum býlanna, í fjallendinu. Einnig hefur Helgi Schiöth, sem keypti jörðina Hólshús af stefnanda, borið, að þegar hann hafi keypt jörðina, hafi stefnandi margsinnis tekið fram, að allar jarðirnar í torfunni ættu sambeit eða sameign að fjallendinu, en mundi þó ekki, hvort orðið hann hafi haft um þetta.

Nokkur fleiri vitni hafa gefið skýrslur í máli þessu, og verður nú vikið að því helzta í þeim:

Valdimar heitinn Antonsson, fyrrv. bóndi á Finnastöðum og uppallinn þar — einnig bóndi á Grund um 3ja ára skeið — hefur borið, að hann hafi álitnið, að Finnastaðir ættu sameiginlegt beutiland með Grund, þannig að ofan fjallsgirðingarinnar hafi verið sameiginleg beit allra jarðanna í Grundartorfu ásamt Finnastöðum og að sama hafi gilt um mótekju. Ekki kveðst hann hafa vitað til, að Grund hafi haft neina sérstöðu gagnvart landinu ofan fjallsgirðingarinnar. Torfristu kvað hann hafa verið litla ofan girðingar nema frá Holti. Vitnið kannaðist við, að beitarhús frá Grund hafi verið áður fyrr á þessu landi, en ekki vissi hann til, að Grundarmenn hefðu haft neinn sérstakan rétt til þess.

Vitnið kveðst hafa verið á Finnastöðum, þegar uppfærslan var gerð á fjallsgirðingunni fyrir Finnastaðalandi, og stóð hann sjálfur að þessu ásamt Magnúsi heitnum á Grund. Kvað vitnið Magnús hafa samþykkt þetta með því skilyrði, að vitnið talaði við bændurna í Holtseli og Miðhúsum og að þeir færu ekki fram á sams konar kröfur fyrir sínar jarðir og hafi þeir lofað því. Ekki kvað vitnið neitt hafa verið talað við bændurna í Holti og Hólshúsum í þessu sambandi. Ekki kvað vitnið neitt hafa verið á það minnzt, að uppfærslan skerti rétt Finnastaða til óskipta beiti-landsins.

Vitnið Jón Antonsson, bróðir síðastgreinds vitnis, nú á átt-ræðisaldri, fæddur á Finnastöðum og uppallinn, hefur borið eftirfarandi: Meðan hann vissi til, var allt landið ofan fjallsgirðingar notað sameiginlega til beitar af býlunum í Grundartorfu og Finnastöðum, án þess að nokkurn tíma hafi verið ágreiningur þar

um og muni svo hafa verið, frá því að faðir hans hóf búskap á Finnastöðum árið 1888.

Um aðrar nýttar en beit af landi þessu sagði vitnið, að faðir þess og þeir í Holtsemi hafi stundum slegið ofan fjallsgirðingarinnar án nokkurs samráðs við aðra þar um og hafi hvor slegið þar, sem honum bezt þótti. Þá kvað vitnið þá á Finnastöðum og Hólshúsum hafa haft mótekju nyrzt í landinu. Einnig mundi vitnið eftir beitarhúsum frá Grund í fjallinu, en vissi ekki, hvort Grundarmenn hafi einir haft rétt til slíks.

Hólmgeir Þorsteinsson, fyrrv. bóndi á Hrafnagili, sem var sem ungur maður fyrst á Grund að mestu árin 1905—16 og síðan bóndi þar frá 1925—29, hefur borið eftirfarandi: Hann kvað hið umrædda land hafa verið notað sem sameiginlegt beitarland frá öllum býlunum í Grundartorfu ásamt Finnastöðum fyrir fé, kýr og hesta, án þess að nokkrar reglur eða takmarkanir væru fyrir hvert einstakt býli, en afréttarfé hafi að jafnaði verið rekið í burtu. Um aðrar nýttar þessa lands mundi vitnið ekki annað en að Hólshús hefðu haft þar mótekjur, en sagði, að verið gæti, að eitthvað hafi verið slegið þar, og það mundi eftir beitarhúsatóftum frá Grund í fjallinu. Um þetta sagði vitnið enn fremur, að heimajörðin hafi haft mesta þörf fyrir þetta, því að hún lá fjærst landinu, en sagðist álíta, að ef hin býlin hefðu viljað hafa beitarhús þar, þá hefðu þau mátt það líka.

Öllum þessum vitnaskýrslum hefur verið mótmælt af hálfu sóknaraðilja.

Vitnið Karl Friðriksson, f. 1906, er átti heima á Finnastöðum frá 1906 til 1920 og var þar hjá foreldrum framangreindra vitna, Valdimars og Jóns, hefur borið, að fénu frá Finnastöðum og bæjunum í Grundartorfu hafi á vetrum verið beitt á þessu svæði og hafi fé og annar búpeningur frá bæjunum gengið allt saman.

Enn fremur kvað vitni þetta alla bæina hafa haft mótekju fyrir ofan Miðhús í þessu landi og slegið hafi verið þar frá Holti.

Stefnandi hefur einkum byggt kröfur sínar á eftirfarandi atriðum: Í landamerkjalýsingu gagnvart jörðum utan Grundartorfu og landamerkjadómi frá 1886 um merki milli Möðrufells og Grundar sé alltaf talað um Grund, en ekki Grundartorfu eða þ. u. l.

Þá hefur hann bent á, að ekki geti eigendur hjáleignanna byggt neinn rétt til fjallendisins á afsölum sínum, þar sem hvergi sé á það minnzt þar. Þá hefur stefnandi haldið því fram, að hjáleigubændum hafi löngum verið meinuð sumarbeit fyrir sauðfé í

Grundarfjalli og Grund ein átt þar beitarhús, enda sé það regla, að höfuðbólin eigi ein landið til fjalls, en hjáleigurnar aðeins ákveðnar spildur neðar og hefur bent á dæmi þess í nágrenni við Grund. Höfuðáherzlu hefur stefnandi lagt á það, að býlin hafi verið hjáleigur allt til þess tíma, sem þær voru seldar, en eignarréttur landsins jafnan tilheyrt höfuðbólínu og geti hann ekki hafa yfirfærzt nema með sérstökum gerningi, en slíkt hafi varnaraðiljar ekki getað sannað. Hins vegar hvíli öll sönnunarbyrðin á þeim í því efni.

Þá hefur stefnandi skírskotað til þess, að eigendur heimajarðarinnar hafi haft allt með uppfærzlurnar á fjallsgirðingunni að gera. Samkvæmt þessu telur stefnandi, að beitarafnot býlanna aðeins hafi verið ítök. Sóknaraðili hefur þó viðurkennt, að aðstaða Finnastaða kunni að vera önnur í þessu efni en hjáleignanna.

Varnaraðiljar hafa einkum skírskotað til eftirgreindra atriða: Allar jarðirnar í Grundartorfu hafa nytjað hið óskipta land í sameiningu svo lengi sem menn vita til og sennilega alla tíð, síðan býlin urðu til, bæði til beitar og annarra nytja. Jarðirnar eiga allar fjallsgirðinguna saman og hafa haldið henni við. Samkvæmt jarðamatsbókum og fasteignamötum hafa jarðirnar allar verið metnar til verðs hver fyrir sig og bendi allar líkur til þess, að hlutdeild hverrar jarðar í óskipta landinu hafi verið metin með hverri jörð eftir orðalaginu í mötunum að dæma og matsupphæðunum, miðað við mat Grundar.

Varnaraðiljar hafa eindregið mótmælt því, að sambeitin hafi byggzt á ítaksrétti, því að allt til þess tíma, að farið var að selja býlin, hafi þau verið leigð með hlutdeild í hinu umdeilda landi og sé svo sumpart enn og geti því ekki verið, að neinn ítaksréttur hafi myndast, enda sé hans hvergi getið í heimildum.

Ekki verður svo á litið, að framlagðir afsalsgerningar eða landamerkjabréf skeri úr um sakarefnið, enda hefur lengst af verið sami eigandi að öllum jörðunum. Ekki verður heldur talið, að hin sögulegu rök, er stefnandi hefur fært fram um afstöðu hjáleigna til höfuðbóla almennt eða sérstaklega innan Grundartorfu, sanni rétt stefnanda til landsins, enda virðast þær ályktanir fara í bág við það, sem vitað er, að gilt hafi annars staðar og dómar fallið um. Ekki verður heldur talið, að stefnandi hafi með öðrum gögnum og málsútlistunum fært sönnur á kröfur sínar, þótt gagnaðiljar hans hafi ekki getað lagt fram ótvíræða afsalsgerninga fyrir hlutdeild sinni í landinu.

Með vætti nokkurra nákunnugra vitna og skýrslum aðilja

máls þessa, þar á meðal stefnanda, hefur land þetta alltaf verið nytjað af öllum býlunum án átölu og ekki aðeins til beitar, heldur hafa einnig fram komið nokkrir vitnisburðir um ýmis önnur afnot, svo sem slægjur og mótekju. Þá þykir mega ganga út frá því, að við þær sögur, er fram hafa farið á býlunum, hafi allir kaupendurnir verið í góðri trú um, að landið væri sameign allra jarðanna, og verður eigi annað séð en að sú hafi einnig verið skoðun stefnanda, er hann keypti Hólshús, enda höfðu allir þessir menn verið lengri eða skemmri tíma á viðkomandi jörðum að einum, Helga Schiöth, undanskildum, þegar þeir keyptu. Einnig þykir orðalag jarðamata benda til þess, að talið hafi verið, að býlunum tilheyrði meira en hið úrskipta land, svo og þykir hið háa mat á býlunum, miðað við heimajörðina, benda til varanlegrar hlutdeildar býlanna í hinu umdeilda landi. Þegar á þetta er litið ásamt öðrum gögnum og rökum, er fram hafa komið, þykir það nægilega leitt í ljós, að hið umrædda land tilheyri öllum jörðum í Grundartorfu og tilheyri aðiljum þessa máls eftir réttu mati lands hvernjar jarðar, og verður aðalkrafa stefnanda því ekki tekin til greina. Með tilvísan til framangreindra raka verður varakrafa stefnanda ekki heldur tekin til greina.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðiljum upp í málskostnað, og þykir hæfilegt, að hann greiði Margréti Sigurðardóttur og Aðalsteinu Magnúsdóttur kr. 8.000.00 og Katli Guðjónssyni, Óttari Ketilssyni, Agli Halldórssyni og Helga Schiöth kr. 12.000.00.

Dóminn kváðu upp Sigurður M. Helgason, fulltrúi sýslumanns, og meðdómsmennirnir Magnús E. Guðjónsson bæjarstjóri og Guðmundur Blöndal skrifstofumaður.

Dómsorð:

Stefndu, Margrét Sigurðardóttir, Aðalsteina Magnúsdóttir, Óttar Ketilsson, Ketill Guðjónsson, Egill Halldórsson og Helgi Schiöth, eiga að vera sýkn af kröfum stefnanda, Snæbjarnar Sigurðssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefndu upp í málskostnað þannig: Margréti Sigurðardóttur og Aðalsteinu Magnúsdóttur kr. 8.000.00 og Óttari Ketilssyni, Katli Guðjónssyni, Agli Halldórssyni og Helga Schiöth kr. 12.000.00.

Dóminum má fullnægja með aðför að lögum, að því er varðar málskostnað.